16. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR
FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2022

MANNLÍF

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ

„Notalegt að hafa hitt blóðmóður mína“

Viðtalið:

Guðlaugur Þór Þórðarson var ættleiddur. Uppréttur eftir formannslaginn. Tvisvar hótað lífláti.



FRÍTT eintak

BRANDSON
SVARTUR NÓVEMBER
25% - 80%
AFSLÁTTUR
SKANNAÐU
OG LÍTTU VIÐ




H
HÓTELREKSTUR OG HEIMILI
Þar sem að gæði og glæsileiki mætast
Hátúni 6a, 105 Reykjavík | Sími 822 1574 | hotelrekstur.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason / **Útgáfustjóri:** Katrín Guðjónsdóttir **Gæðastjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Auglýsingastjóri:** Thelma Logadóttir **Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svava Jónsdóttir.
Útgáfufélag: Sólartún ehf.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Leiðarinn 6
Fjögur á förnum vegi 8
Fjölmiðlapistillinn 8
Orðrómur 8
Neytendamálið 10
Fréttamálið 14
Viðtalið 18
Baksýnisspegillinn 32
Sjóarinn 34
Helgarpistillinn 36
Lífsreynslusagan 38
Listin 40
Stækkunarglerið 46
Vín og matur 48
Síðast, en ekki síst 50

Í GÓÐUM MÁLUM

Umsjón: Hjálmar Friðriksson



Jón Bjarki Magnússon

Jón Bjarki Magnússon gerði frábæra heimildarmynd, þar sem hann var í raun líkt og fluga á vegg á heimili ömmu sinnar og afa, á síðasta hluta æviskeiðs þeirra; útkoman varð heimildarmyndin Hálfur álfur, þar sem segja má að dramatík hversdagsleikans hjá hverfandi kynslóð komi berlega í ljós: „Í stuttu máli fór ég í meistaranám í sjónrænni mannfræði í Berlín og þegar ég fór að hugsa um lokaverkefni þá kallaði þetta mikið á mig, að fylgja þeim gömlu eftir," sagði Jón Bjarki á sínum tíma um heimildarmyndina. Kóvid setti mörg strik í reikninginn hjá Jóni Bjarka og frumsýningu myndarinnar var frestað aftur og aftur. En Jón Bjarki gafst aldrei upp og hélt ótrauður áfram með seiglu og dugnaði í bland við mikla hæfileika og kom myndinni á legg. Frábær mynd.

Nú er svo komið að heimildarmynd Jóns Bjarka, hálfur álfur, hefur verið tekin til sýninga á Netflix, sem er ekki lítill árangur.

Eftir erfiða fæðingu getur nú Jón Bjarki notið uppskerunnar af öllu erfiðinu og ástæða til að hrósa honum fyrir að gefast aldrei upp.

Í SLÆMUM MÁLUM



Katrín Jakobsdóttir

Hryllilegar aðfarir íslenskra stjórnvalda gegn flóttafólki í neyð hafa vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Burt frá Íslandi tafarlaust! Sjálfstæðisflokkurinn með Bjarna Benediktsson og Jón Gunnarsson í broddi fylkingar stendur fyrir hreinsunum, en þeir myrkra-kumpánar Bjarni og Jón bera ekki ábyrgðina einir - alls ekki. VG og Framsóknarflokkurinn eru líka ábyrgðir fyrir þessari hreinræktuðu illsku, liggur samþykki í þögninni og aðgerðarleysi. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ber því mesta ábyrgð í þessu viðbjóðslega máli; hún hefur kosið að sitja áfram í kolsvörtum skugga Bjarna, sem ásamt skósveini sínum, Jóni, vilja gera Ísland hreint af stórhættulegu og fötluðu fólki - Þeir vilja Ísland fyrir Íslendinga, og eru stoltir af gjörðum sínum eins og skýrt kom fram á landsfundi Sjálfstæðisflokkisns nýverið, þar var klappað fyrir; þjóðernishyggju og útlendingaandúð; ofbeldi gegn fötluðu og varnarlausu fátæku fólki; hatri og hinni íslensku Kristalsnótt. Ef Katrín er ánægð með aðgerðirnar mun stjórnin halda, ef stendur í lappirnar þá slítur hún stjórnarsamstarfinu; hvort heldur sem er, er klárt mál að Katrín er ábyrg fyrir gjörðum Bjarna og Jóns. Hún er verkstjórinn.

Telst Katrín því í slæmum málum.



Hönnun sem endist

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI



Leiðarinn
Reynir Traustason

Sjálfstæðisflokkur á brauðfótum

Sjálfstæðisflokkurinn á í djúpstæðri tilvistarkreppu sem birtist í stöðugu fylgistapi hans. Flokkurinn var með allt að 60 prósenta fylgi þegar best lét. Heppni, öðru fremur, ræður því að hann hangir yfir 20 prósentum á landsvísu. Stærstan þátt í fylgishruninu ber að skrifa á Bjarna Benediktsson, formann flokksins, sem hefur setið við stjórnvölinn frá árinu 2009.

Bjarni er einn umdeildasti stjórnmálamaður landsins. Hann fæddist inn í ættarveldi Engeyinga með silfurskeið í munni. Hann varð fljótlega krónprins ættarinnar, borinn á gullstóli til metorða. Styrkur Bjarna er útgeislun og að ekkert loðir við hann. Veikleikinn er stefnuleysi og svört fortíð hans í viðskiptum. Hann var á sínum tíma útrásarvíkingur sem tók þátt í ýmsum fléttum feðraveldis Engeyinga sem eru í besta falli vafasamar. Um þessi bernskubrek Bjarna hefur verið fjallað ítarlega í frjálsum fjölmiðlum. Hann er háll sem áll og hefur sloppið frá málunum án þess að svo mikið sem biðjast afsökunar. Vandi hans er aftur á móti sá að fólkið í landinu veit upp á hann skömmina og styður hann ekki nema upp að ákveðnu marki. Vinstri grænir hafa leyft honum að fara með fjármál þjóðarinnar, þrátt fyrir gamlar syndir sem ekki benda til þess að hann sé traustsins verður. En fáir munu samþykkja hann sem forsætisráðherra.

Sem stjórnmálamaður flokks, sem er með á stefnuskrá sinni að standa vörð um einstaklingsframtak og frelsi, hefur Bjarni brugðist. Í formannstíð hans hefur ríkisbáknið blásið út og frelsi til athafna hefur minnkað. Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið vörð um ríkisstofnanir á borð við Ríkisútvarpið og leyft því bákni að sópa upp auglýsingatekjum sem ættu í raun að falla frjálsum fjölmiðlum í skaut. Það er í raun sama hvert litið er, Sjálfstæðisflokkurinn hefur brugðist sinni eigin stefnu og leyft gæðingum sínum að ganga í fjárhirslur ríkisins. Einkaframtakið hefur helst falist í því að gæðingar standa við jötuna og skófla í sig af eigum almennings.

Um 40 prósent Sjálfstæðismanna eru óánægðir með Bjarna sem formann. Það kom í ljós á landsfundi flokksins þegar Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfisráðherra og fyrsti þingmaður flokksins í Reykjavík, skoraði Bjarna á hólm. Guðlaugur Þó er andstæðan við Bjarna. Hann er af alþýðufólki kominn og ólst upp í Borgarnesi. Upphefð hans í stjórnmálum er einungis honum sjálfum að þakka. Ekkert ættarveldi er þar að baki. Hann segir sögu sína í Mannlífi.

Sjálfstæðismenn á landsfundi kusu Bjarna enn og aftur sem formann, þótt flokkurinn standi á brauðfótum. Sigurinn var þó ekki trúverðugur. Hann fékk 60 prósenta fylgi sem er ekki gott veganesti inn í næstu framtíð og markar væntanlega upphafið að endalokum formannstíðar Bjarna. Guðlaugur Þór má vel við una að hafa fengið sem 40 prósent atkvæða. Niðurstaðan felur í sér þau skýru skilaboð að Bjarni megi gjarnan fara að pakka saman. Þetta er eins og á sjónum. Karlinn í brúnni fiskar ekki, heldur ekki stefnu og er við það að stranda skipi sínu. Hann má taka pokann sinn.

Allt fyrir hljóðvistina

3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



Byggingavöruverslun

Þ. Þorgrímsson & Co

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Umsjón: Björgvin Gunnarsson

Ertu farin/n að skreyta fyrir jólin?



Saulo:
„Já, ég er byrjaður að skreyta."



Vigfús:
„Nei, ekkert byrjaður að skreyta."



Kolfinna:
„Nei."



Mavin:
„Nei, ekki enn þá. Það er mikill jólaandi í minni fjölskyldu fyrir utan mig reyndar en hjá bör-



Fjölmiðlapistillinn
Björgvin Gunnarsson



Vatican Girl
- Hið dularfulla hvarf Emanuelu Orlando

Eitt af því áhugaverðasta á Netflix nú um mundir, að mínu mati, eru heimildarþættirnir Vatican Girl - The Disappearance of Emanuela Orlandi. Hin 15 ára Emanuela hvarf sporlaust í Vatikan-borg á brennandi heitum sumardegi, 22. júní árið 1983, eftir að hafa sótt flaututíma. Hefur fjölskylda hennar leitað hennar stíft síðan.

Þættirnir og þetta dularfulla mál hefur allt og mætti helst líkja við skáldsögu eftir Dan Brown. Það sem sveipar málið enn dularfyllri blæ en gengur og gerist í svipuðum málum er sú staðreynd að stelpunni var rænt innan veggja Vatikansins en faðir hennar vann þar og fjölskyldan bjó þar öll. Þættirnir eru afar vel gerðir, útlitið, meðferðin á efninu, viðtölin og heildarmyndin, til fyrirmyndar.

Þættirnir eru fjórir talsins og hver þáttur skilur mann eftir á barmi hengiflugs, eins og góðir heimildarþættir eiga að gera, maður á að vilja meira. Fjöldi viðmælanda er mikill en í forgrunni er bróðir Emanuelu, Pietro Orlandi sem hefur hvað harðast leitað að systur sinni en þar má einnig sjá blaðamanninn Andrea Purgatori, lögfræðinga, lögreglustjóra og fleiri sem komu að rannsókn málsins.

Skoðaðar eru nokkrar kenningar um hvarf Emanuelu og gæti hver þeirra verið mjög góð skáldsaga. Kenningarnar snúast meðal annars um tengsl mannránsins við hryðjuverkasamtök, ítölsku mafíuna, morðtilræðið á Jóhannesi Páli páfa árið 1981, háttsettann prest í Vatikaninu og fleira í þeim dúr en það sem þær eiga allar sameiginlegt er sú staðreynd að þær benda allar til þess að Vatikanið viti meira en gefið hefur verið upp. Meira að segja virðist Francis páfi vita um afdrif hennar en ekki mun ég úskýra það frekar til að forðast að vera með Höskuld (e. spoiler).

Ég get ekki annað sagt en að það að Vatikanið gæti tengst mannráninu á Emanuelu Orlandi komi mér akkurat ekkert á óvart því kaþólska kirkjan er í raun, að mínu mati, skipuleg glæpastarfsemi, ekkert ósvipuð Vísindakirkjunni þó af öðrum toga. Kaþólska kirkjan hefur að minnsta kosti um áratugaraðir tengst þúsundum barnaníðsmála sem Vatikanið hefur hjálpað til við að þagga en allra nýjasta hneikslið snýr að prestum kirkjunnar í Frakklandi. Hvað varð um Emanuelu Orlandi? Ég er ekki alveg viss en ég vitna í þáttinn og gamalt ítalskt orðatiltæki, „Sama hversu vel þú reynir að hylja leyndarmálið, kemur sannleikurinn ávalt á yfirborðið að lokum."

ORÐRÓMUR

Hefnd Fiskikóngsins



Fiskikóngurinn, **Kristján Berg Ásgeirsson**, átti í nokkrum útistöðum við flatbökugerðina Dominos eftir að hann auglýsti í útvarpi megaviku í fisksölu. Lögfræðingar birtust í fiskbúðinni og Kristján þorði ekki annað en að hlýða og setti píphljóð yfir megavika. Hann hugsaði þó sitt ráð og leitaði hefnda. Tækifærið kom svo þegar húsnæðið sem hafði að geyma aðalsölustað Dominos var auglýst til sölu. Fiskikóngurinn keypti og sagði flatböku risanum tafarlaust upp leigunni. Hefndin var fullkomnuð …

Veldissproti Bjarna



Margt bendir til þess að **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, muni hætta þátttöku í stjórnmálum þegar núverandi ríkisstjórn rennur sitt skeið á enda. Bjarni hefur um hríð borið með sér að vera orðinn leiður á harkinu. Hermt er að það eina sem standi í vegi fyrir að hann hætti sé sú ógn að Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra gæti orðið formaður. Planið sé því að byggja undir Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur varaformann og afhenda henni veldissprotann átakalítið. Vandinn er hins vegar sá að **Guðlaugur Þór** reyndist vera með næstum því 40 prósenta fylgi sem formaður á landsfundinum og gæti verið í veginum fyrir hinum göfugu áformum …



Bubbi græðir



Tónlistarmaðurinn **Bubbi Morthens** þykir vera afar klókur í viðskiptum í seinni tíð. Ein matarhola hans er að selja textaverk sín sem njóta mikilla vinsælda. Um er að ræða innrammað uppkast að hinum ýmsu frumtextum sem hann hefur samið í gegnum tíðina. Dýrustu verkin kosta 85 þúsund krónur. Heildar söluverðmæti verkanna er að sögn DV 46 milljónir króna. Þetta er þriðja árið sem Bubbi rær á þessi mið. Það munar um minna inn í heimilisreksturinn …

Sigga snýtir Bjarna



Sigríður Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er óþreytandi að benda á bruðlið í rekstri ríkisins. Henni er sérstaklega hugleikið hve ríkisstarfsmenn og stjórnmálamenn eru æstir í að ferðast og moka til sín dagpeningum. Hún bendir á fáránlegt ferðalag 50 Íslendinga til Egyptalands. "Þaðan dengja 17 manns sér til Sharm El-Sheikh til þess að leggja áherslu á að „ekki verði vikið frá markmiði Parísarsamningsins um að halda hlýnun jarðar frá iðnbyltingu innan við 1,5 °C." Auk hinna 17 ríkisstarfsmanna skella 33 aðrir sér með í flugið. Langflestir ef ekki allir á kostnað skattgreiðenda. Allir þessir 50 eru samtaka um að draga þurfi úr flugferðum - allra annarra en þeirra sjálfra„. Sigríður er svo sannarlega ófeimin við að snýta loftslagshræsnurunum og nefnir að ferðalagið sé í boði Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfisráðherra ...



EKKERT STRESS!

Segðu jólastressinu stríð á hendur
og mættu með gluggatjöldin og dúkana tímanlega.

Við veitum 20% afslátt af hreinsun dúka og gluggatjalda út nóvember.

EFNALAUGIN BJÖRG

Álfabakka 12 Sími 557 2400

MJÓDD



Neytendamál
Guðrún Gunnsteinsdóttir



VERÐKÖNNUN Í VERSLUNUM:

Langdýrast að versla í Krambúðinni - Ein króna skilur að lágvörubúðir

Mannlíf tók saman matarkörfu í Krónunni, Bónus, Nettó og Krambúðinni. Dýrust var karfan í Krambúðinni eða 6449 krónur en ódýrust í Bónus 4712 krónur. Munurinn er 37 prósent þar sem Krambúðin er dýrari.

Mestur var munurinn á Gríska jógúrt frá MS 350 gr en þar var Krambúðin 64 prósent dýrari en Bónus. Töluverður munur var einnig á Colombia kaffi frá Te&Kaffi en þar kaffið 45 prósent dýrara í Krambúðinni en í Bónus. Alls voru bornar saman 11 vörutegundir.

Mannlíf hefur áður fjallað um krónusamráð milli Bónuss og Krónunnar. Nú kemur á daginn að Nettó blandar sér í slaginn og heldur verði sínu, friðsamlega, einni krónu fyrir ofan Krónuna. Þetta er þó ekki algilt í veðlagningu en þó mjög áberandi. Til dæmis kostar Floridana Heilsusafi 249 krónur í Bónus, 250 krónur í Krónunni og 251 krónur í Nettó. Eins kostar Kornax hveiti 2kg. 397 krónur í Bónus, 398 krónur í Krónunni og 399 krónur í Nettó. Samkeppnin er því ekki mikil þar sem litið er til þessara vöruflokka.

VERÐKÖNNUN

2022
10. október

	KRÓNAN	BÓNUS	nettó	Krambúðin
Nýmjólk	190 kr	189 kr	192 kr	229 kr
MS grísk jógúrt	396 kr	395 kr	449 kr	649 kr
Smjör	668 kr	667 kr	675 kr	779 kr
Gouda brauðostur sn 330	899 kr	898 kr	899 kr	1,039 kr
Ísey skyr tíramisú	232 kr	-	249 kr	359 kr
Te & kaffi Colombia	1,099 kr	1,098 kr	1,189 kr	1,589 kr
Kornax hveiti 2 kíló	398 kr	397 kr	399 kr	459 kr
Berry safi super ber	266 kr	265 kr	267 kr	299 kr
Floridana heilsusafi	250 kr	249 kr	251 kr	289 kr
Pringles sour and cream	299 kr	279 kr	299 kr	379 kr
Hraun 200 gr	276 kr	275 kr	277 kr	379 kr
SAMTALS	4.973 kr	4.712 kr	5.146 kr	6.449 kr

DUXIANA®



2021-2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

Ármúli 10, 108 Reykjavík



Tannkremstúpan næstum þúsund krónum dýrari:

Lyfja snarlækkar verð eftir ábendingu Mannlífs

Við verðkönnun Mannlífs 26. október síðastliðinn kom í ljós himinhár verðmunur á Sensodyne Rapid tannkremi. Í Bónus kostaði túpan 595 krónur en í Lyfju kostaði tannkremið 1469 krónur sem þýðir 147 prósent dýrari. Þessi verðmunur er ótrúlegur og varla nein rök fyrir slíkri verðlagningu. Mannlíf leitaði viðbragða hjá Lyfju á þessum verðmuni en fékk ekki svar fyrr en eftir tvær vikur eftir að hafa sent ítrekun.

Samkvæmt upplýsingum frá talsmanni Lyfju er ástæðan sú að verðlagning ákvarðast almennt af innkaupsverði frá innlendum birgjum en í mörgum tilfellum séu „stórvörumarkaðir" að flytja inn vöruna sjálfir og ná þanning breiðara verðbili milli sín og annarra söluaðila. En eftir ábendingu Mannlífs skoðaði Lyfja málið betur sín megin og náði að lækka verðið í 969 krónur. Eftir þessa lækkun er verðmunurinn 63 prósent.

„Við kveðjum því Svala að svo búnu og þökkum honum samfylgdina!"



Átt þú eftir að sakna Svala?

Um næstkomandi áramót verður framleiðslu og sölu hætt á einum vinsælasta drykk landsins, Svala. Framleiðslufyrirtækið Coca-Cola á Íslandi, hefur tilkynnt um þessa ákvörðun sína sem sér liður í að endurmót vöruframboð fyrirtæksins.

Í framtíðinni ætlar Coca-Cola að einbeita sér að þeim vörumerkjum sem eru hvað vinsælust og vegna þess hefur verið ákveðið að hætta framleiðslu á safafermum Svala.

„Við höfum átt farsæla áratugi í fylgd Svala en hann er engu að síður barn síns tíma og við erum á annarri vegferð í dag. Kröfur neytenda og smekkur fólks þróast í sífellu og samhliða því þurfum við að fara yfir árangur og stöðu vörumerkja okkar reglulega. Við kveðjum því Svala að svo búnu og þökkum honum samfylgdina!" segir Einar Snorri Magnússyni, forstjóra Coca-Cola á Íslandi.

JS WATCH CO. REYKJAVIK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi



ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com

JS Watch co.
REYKJAVIK



Kynntu þér málið á www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



Texti Svanur Már Snorrason

Þjóðkirkjan og böggunin

Hvað er eiginlega að gerast hjá Þjóðkirkjunni?

Þjóðkirkjan er í mikilli kreppu - æ færri kjósa að vera innan raða hennar og stjórnarhættir þar minna lítið á kærleikann sem Kristur boðaði.

Hneykslismál hafa með reglulegu millibili komið upp og eðlilega ratað í fjölmiðla; stærsta dæmið er að sjálfsögðu tengt Ólafi heitnum Skúlasyni biskup, sem var sakaður um kynferðisbrot af ýmsum toga - margir þekkja þá sögu vel.

Fjölmörg önnur mál hafa komið upp sem hafa ekki bætt ímynd stofnunarinnar - of langt mál væri að telja þau öll upp; en Þjóðkirkjan hefur vissulega ekki borið þess bætur. Stöðug fækkun er staðreynd og ekkert sem bendir til þess að þeirri þróun verði snúið við á næstunni.

Í stað þess að takast á við þau hneykslismál sem komið hafa upp innan Þjóðkirkjunnar hefur Agnes M. Sigurðardóttir biskup frekar kosið að reyna allt hvað hún getur til að þagga niður öll erfið mál er tengjast stofnuninni; sópa þeim undir teppið.

Nú er svo komið að Agnes biskup og hennar hjörð svarar engum fyrirspurnum sem þykja óþægilegar, nema frá fjölmiðlum sem eru henni þóknanlegir, og velja að spyrja ekki óþægilegra spurninga.

Mannlíf hefur síðan í september fjallað um mál er varðar séra Gunnar Björnsson, sem er sestur í helgan stein. Óskað var eftir því að séra Gunnar fengi

Viltu hætta að reykja?

Þú velur bragðið...



nicorette
gerðu eitthvað magnað

Nicorette lyf (innihalda nikótín) við tóbaksfíkn. Draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Lyfjatyggigúmmí er fyrir 15 ára og eldri og skal tyggja hægt og liggja í munni á milli. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni og munnholsúða skal úða í munnhol, þau eru fyrir 18 ára og eldri. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.
IS/NIC/Q/L/G/2022/02-3



Pétur Georg Markan biskupsritari.

að jarðsyngja konu í Hveragerðiskirkju, en ósk konunnar látnu og fjölskyldu hennar var virt að vettugi án þess að nokkrar haldbærar skýringar fengjust frá Agnesi og Þjóðkirkjunni.

Mannlíf hefur ítrekað reynt að fá viðbrögð frá Þjóðkirkjunni en án árangurs. Þjóðkirkjan reynir gamalkunnuga aðferð, sem mögulega hefur reynst henni vel hingað til; að hunsa einfaldlega þá sem spyrja erfiðra spurninga.

„Komdu sæll og blessaður Pétur,
og afsakaðu ónæðið. Svanur Már Snorrason heiti ég og er blaðamaður á Mannlífi.

Ég er með fyrirspurn.
Þegar prestar komast á „aldur" - 67 til 70 ára, mega þeir samt sem áður sjá um til dæmis brúðkaup, skírnir og jarðarfarir? Eða hætta þeir einfaldlega allri þjónustu á vegum Kirkjunnar eftir að eftirlaunaaldri er náð?

Með kærri kveðju og von um góð viðbrögð,
Svanur"

Mannlíf sendi þann 8. september síðastliðinn tölvupóst til Péturs Markans biskupsritara, sem var afar einfaldur og stuttur:
Ekkert svar hefur borist við þessari fyrirspurn.

Þann 7. október sendi Mannlíf tölvupóst með ítarlegum spurningum er varða mál séra Gunnars Björnssonar:

Ég undirritaður sendi ykkur þessar spurningar með tilvísun í upplýsingalög nr. 140/2012.

Með áðurnefndri tilvísun í upplýsingalög er þess krafist að Þjóðkirkjan svari eftirfarandi spurningum er varða mál séra Gunnars Björnssonar, sem neitað var um að jarðsyngja Sigríði Erlu Ragnarsdóttur í Hveragerðiskirkju 5. september sl.

Mannlíf hefur leitað eftir svörum Þjóðkirkjunnar vegna þess að prestinum var meinað um að starfa í kirkjunni. Engin svör hafa borist. Pétur Markan biskupsritari hefur fengið fyrirspurn í tölvuskeyti en hunsað það. Þá virðist sem biskup eða kirkjuyfirvöld hafi sagt syrgjendum ósatt í misvísandi svörum.

1. Hver ákvað að séra Gunnar Björnsson mætti ekki sjá um útför frá Hveragerðiskirkju þann 5. september sl?

2. Hvers vegna var ákveðið að meina séra Gunnari að sjá um útförina?

3. Eru önnur dæmi um að prestum sé meinað að þjónusta fyrir Þjóðkirkjuna séu þeir komnir á eftirlaun?

4. Er algengt að prestum með hreina sakaskrá sé meinað að þjónusta fyrir Þjóðkirkjuna, burtséð frá aldri þeirra?

5. Hvaða prestum öðrum en séra Gunnari Björnssyni hefur verið meinað að þjónusta fyrir Þjóðkirkjuna frá árinu 2012? Ef svo. Hverjar voru þær ástæður og um hvaða presta ræðir?

6. Er að mati stjórnenda Þjóðkirkjunnar, löglegt eða verjandi að meina presti á eftirlaunum sem er með hreint sakavottorð og hefur aldrei verið uppvís að glæp að þjónusta fyrir Þjóðkirkjuna?

7. Gilda siðareglur Þjóðkirkjunnar fyrir presta og alla aðra er koma að starfi Þjóðkirkjunnar, þ.m.t biskup, biskupsritara, aðra starfsmenn Biskupsstofu og stjórn Þjóðkirkjunnar? Hefur þetta mál komið til Siðanefndar kirkjunnar eða sannleiksgildi staðhæfinga biskups og prests verið til skoðunnar á vettvangi Þjóðkirkjunnar?

8. Í gögnum er Mannlíf hefur undir höndum koma fram misvísandi svör til syrgjenda. Biskup segir séra Ninnu Sif Svavarsdóttur ábyrga fyrir ákvörðuninni um að neita séra Gunnari Björnssyni að sjá um útförina margnefndu, en séra Ninna Sif varpar ábyrgðinni á biskup. Miðað við gögn Mannlífs er ljóst að önnur hvor, Agnes biskup eða séra Ninna Sif eru að segja ósatt. Hvert er hið rétta í málinu?

9. Vinsamlegað afhendið okkur minnisblöð eða önnur gögn varðandi mál þetta.

10. Hverjum hjá Þjóðkirkjunni er falið það starf að sinna upplýsingaskyldu við fjölmiðla sem og allan almenning í landinu? Hvers vegna hefur biskupsritari ekki svarað fyrirspurn Mannlífs frá 8. september?

Mannlíf áskilur sér rétt til þess að birta spurningarnar að hluta eða öllu leyti ásamt svörum.



Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Séra Gunnar Björnsson og Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

Ekkert svar hefur borist frá kirkjunnar þjónum.

Hins vegar hefur Þjóðkirkjan tjáð sig um áðurnefnt mál séra Gunnars Björnssonar við Stundina, í grein sem blaðamaðurinn Freyr Rögnvaldson ritar; virðist sem sú grein sé eins konar varnargrein fyrir Þjóðkirkuna og Agnesi biskup.

Í það minnsta hefur biskupsritari svarað spurningum Stundarinnar vegna málsins, og í áðurnefndri grein miðilsins segir meðal annars:

„Biskup Íslands hefur haft skýra afstöðu gegn því að sr. Gunnar Björnsson athafni í kirkjum þjóðkirkjunnar" (úr svari Péturs Georgs Markan biskupsritara).

Einnig:

Í skriflegu svari Péturs Georgs Markans biskupsritara við fyrirspurn Stundarinnar vegna málefna Gunnars segir að í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar sé skýrt kveðið á um að það sé ákvörðun sóknarpresta í hverri kirkju að veita öðrum leyfi til athafna í þeim kirkjum.

Hins vegar hafi séra Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, í sinni biskupstíð tekið „skýra afstöðu með þolendum og hefur hafnað öllu ofbeldi innan kirkjunnar og tekið ákveðið og fast á þeim ofbeldismálum sem hafa komið upp.

Það er á þeim grundvelli sem biskup Íslands hefur haft skýra afstöðu gegn því að sr. Gunnar Björnsson athafni í kirkjum þjóðkirkjunnar.

Biskup Íslands hefur gert sóknarprestum þetta ljóst þegar það hafa komið upp tilfelli þar sem óskað hefur verið eftir að sr. Gunnar Björnsson sjái um athafnir. Um þetta hefur verið fullur samhugur á milli biskups og sóknarprests hverju sinni, í öllum tilfellum."





Séra Ninna Sif Svavarsdóttir.

Þá stendur eftir þessi spurning:

Hvers vegna svaraði Agnes biskup eða Pétur Markan biskupsritari ekki fyrstu fyrirspurn Mannlífs né þeirri annarri?

Mannlíf átti í samskiptum við séra Ninnu Sif Svavarsdóttur sem er prestur í Hveragerðiskirkju, þar sem áðurnefnd kona var jarðsungin. Séra Ninna Sif varpaði ábyrgðinni á máli séra Gunnars Björnssonar yfir á Agnesi biskup, en Agnes kenndi hins vegar séra Ninnu Sif um.

Séra Ninna Sif sagði í smáskilaboðum til syrgjenda að Þjóðkirkjan vildi ekki að séra Gunnar annaðist athafnir í kirkjunni. Bannið væri ***„ákvörðun“*** Þjóðkirkjunnar. ***„Ég er ekki að setja skilyrði heldur Þjóðkirkjan,“*** segir Ninna Sif í smáskilaboðunum.

Þegar Mannlíf leitaði eftir viðbrögðum hennar vegna málsins var svarið einfalt: ***„Ég tjái mig ekki um það mál við fjölmiðla.“***

Í svarbréfi til Guðmundar Jóns Sigurðssonar, sonar hinna látnu, segir Agnes ástæðu bannsins væntanlega vera framkomu Gunnars ***„sem rataði í fjölmiðla fyrir einhverjum árum meðan hann var enn embættismaður þjóðkirkjunnar.“***

Það sem eftir stendur er að fjölskylda konunnar sem séra Gunnari Björnssyni var neitað um að jarðsyngja hefur fengið misvísandi svör frá þjónum Þjóðkirkjunnar, og að Mannlíf hefur einfaldlega ekki fengið nein svör sem gætu varpað ljósi á málið.

Mannlíf mun halda áfram að fjalla um málið þangað til svör frá æðstu stjórnendum Þjóðkirkjunnar hafa borist miðlinum.





FISHERMAN

ICELAND

Hangireyktur lax frá Fisherman færir ykkur jólin

www.fisherman.is



Viðtal
Svava Jónsdóttir Myndir / Kazuma Takigawa

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Þetta styrkir mig sem stjórnmálamann

Guðlaugur Þór Þórðarson talar í viðtali við Mannlíf meðal annars um slysin, úrslitin í formannskjörinu, áherslumál sín, málefni norðurslóða og hælisleitenda, skipulagða glæpastarfsemi og loftslagsbreytingar, hverju hann hefur komið til leiðar á Alþingi í gegnum árin, fjölskylduna og sorgina.



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis, orku- og loftslagsráðherra, er ökklabrotinn. *Hvernig er hann í fætinum?*

„Ég held þetta gangi prýðilega nema að hægri fóturinn styrkist en hins vegar visnar sá vinstri." Er hægt að nota þessa líkingu við hægri flokkana og vinstri flokkana? „Það er ekkert nýtt að ég sé hægra megin í tilverunni en þetta er vissulega svolítið ýkt."

Guðlaugur Þór segist hafa ökklabrotnað þegar hann var í vitlausu húsi og á leið í annað vitlaust hús og fór yfir steinhleðslu. Þar rann hann og datt og fann strax að hann væri fótbrotinn. „Þetta var sárt en ekkert í líkingu við það að kveikja í sér," segir ráðherrann sem brenndist illa fyrir nokkrum árum síðan. „Þetta var skömmu fyrir jól og við vorum með kveikt á kertum hér og þar. Ég tók ekki eftir kerti í gluggakistu sem ég stóð upp við og svo fór sem fór."

Hversu slæmur var bruninn?

„Hann var slæmur. Hann var djúpur annars stigs bruni og ég var á spítala í tvær eða þrjár vikur. Það var miklu alvarlegra heldur en ökklabrotið."

Hvað með ör?

„Ég er með landkort af Texas á bakinu en það er allt í lagi." Hefði ráðherrann viljað hafa landakort með öðru ríki á á bakinu? „Nei. Móðursystir mín bjó í Texas og ég fór oft þangað þannig að mér er hlýtt til Texas. Þannig að það er allt í lagi."

Guðlaugur Þór er vanur því að verða fyrir skakkaföllum. Slasa sig.

„Það er af nógu að taka. Fyrsta æskuminning mín er þegar maður í hvítum sloppi benti á mömmu og spurði hvaða kona þetta væri og ég sagði „Sonja Guðlaugsdóttir". Þá var ég höfuðkúpubrotinn á spítala á Akranesi."

Hann rifjar upp aðra æskuminningu. „Jafnvægið var eitthvað skrýtið eftir höfuðkúpubrotið og ég þurfti að vera margar vikur á spítala og svo heima eftir það að jafna mig. Ég var mjög óþreyjufullur að komast út aftur þegar mér batnaði og hljóp út. Pabbi kallaði á mig og sagði mér að fara varlega. Ég sneri mér við og sagði „já" og hljóp beint fyrir bíl en sem betur fer slasaðist ég ekki alvarlega við það. Svo er af ýmsu að taka þannig að það er ekkert nýtt fyrir mér að lenda í óhöppum. Æskuvinur minn sagði við mig að hann skildi ekki af hverju ég væri að segja frá þessu; það væri engin frétt ef ég meiddi mig."

Er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherrann hrakfallabálkur?

„Já, ég held það megi alveg færa rök fyrir því."

Væri vanþakklátur

Guðlaugur Þór féll og fótbrotnaði og sótti landsfund Sjálfstæðisflokksins á hækjum þar sem hann bauð sig fram gegn sitjandi formanni, Bjarna Benediktssyni, og laut svo í lægra haldi. *Má líkja fallinu við steinhleðsluna og röngu húsin við það fall? Þá byltu?*

„Nei, ég geri það nú ekki. Auðvitað er það þannig að þegar maður fer í framboð þá vill maður ná settu marki. Hins vegar er ég mjög stoltur af þessu framboði og að fá yfir 40% gegn sitjandi formanni sem er í ríkisstjórn; að yfir 40% landsfundarfulltrúa velji mann," segir Guðlaugur Þór og nefnir traustið og jákvæðu viðbrögðin á fundinum sem hann fann í tengslum við áherslur sínar. „Mér fyndist ég vera vanþakklátur ef ég væri ekki stoltur og ánægður með að hafa fengið þann stuðning. Þannig að mér líður mjög vel með þessa ákvörðun og ég er líka ánægður með viðbrögðin við áherslum mínum. Fólk í Sjálfstæðisflokknum er almennt sammála um að við getum gert betur og eigum að geta gert betur. Við eigum að leggja áherslu á þau grunngildi sem við höfum hvort sem það er frelsið, stétt með stétt, jöfn tækifæri, ráðdeild og annað það sem við stöndum fyrir. Við setjum markið hærra og við eigum að geta gert betur og það er ekki bara mikilvægt fyrir okkur. Það er mikilvægt fyrir þjóðina."

En finnur Guðlaugur Þór samt ekki fyrir vonbrigðum?

> *Ég sneri mér við og sagði: „Já" og hljóp beint fyrir bíl.*





„Eins og ég segi; maður fer í framboð til þess að ná kjöri en á sama tíma var ljóst alveg frá upphafi að það væri erfitt."

Var það kannski fljótfærni að gefa kost á sér núna? Hefði kannski verið betra að gera það eftir tvö ár?

„Nei, það held ég ekki. Ég held að ef við hefðum farið á þennan landsfund án þessara kosninga þá hefði ekki verið umræða um þessi mál sem eru mjög mikilvæg. Og við sýndum þarna kraftinn í flokknum. Þetta var langfjölmennasti landsfundur nokkurn tímann. Það hefði ekki gerst ef þetta framboð hefði ekki komið fram. Og í aðdraganda fundarins var engin umræða um þessi mál sem ég taldi vera mikilvægt að ræða. Það er líka ábyrgðarhluti að hafa fundið fyrir stuðningi við mig og ekki síst það sem ég stend fyrir án þess að gera neitt í því. En ég mæli ekki með því að vera ökklabrotinn í framboði." Guðlaugur Þór segir að þau mál sem sér finnist vera mikilvæg og sem rætt var um á landsfundinum sé mikilvægi þess að skerpa á grunngildum flokksins og að það fari ekki fram hjá neinum fyrir hvað flokkurinn stendur. „Grunngildin okkar - hvort sem það er frelsi sem er ekki aðeins nauðsynlegt efnahagslega og varðandi framfarir heldur líka fyrir lífshamingjuna - er eitthvað sem allir eiga að hugsa um þegar þeir hugsa um Sjálfstæðisflokkinn. Sömuleiðis stétt með stétt sem við höfum lagt áherslu á frá upphafi í Sjálfstæðisflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn á að vera fjöldahreyfing og má aldrei verða flokkur útvalinna. Það er mikilvægt að við höfum þetta hugfast því að þetta er leiðin okkar til að ná árangri og ná fyrri styrk."



Hvað þýða þessi rúmlega 40% fyrir Guðlaug Þór sem stjórnmálamann?

„Þetta styrkir mig sem stjórnmálamann. Það er enginn vafi í mínum huga. Bæði niðurstaðan og sömuleiðis viðbrögðin sem maður hefur fengið bæði í aðdragandanum og ekki síður eftir á er þannig að maður stendur sterkari á eftir."

> ***Leiðin til að gera betur er að skerpa á gildunum okkar og virkja fólkið í flokknum***

Hvað þýða svo niðurstöður kosninganna fyrir Bjarna Benediktsson?

„Hann náði kjöri og eins og ég lagði áherslu á bæði fyrir og eftir kosningar þá fékkst niðurstaða og þá styðjum við Bjarna Benediktsson sem formann Sjálfstæðisflokksins. Eitt af því sem ég lagði sérstaka áherslu á er að við stöndum saman við að vinna að framgangi flokksins."

Þegar Guðlaugur Þór er spurður hvernig flokkurinn standi í dag segist hann telja að flokksmenn geti gert betur. „Leiðin til að gera betur er að skerpa á gildunum okkar og virkja fólkið í flokknum. Við erum fjöldahreyfing, lýðræðishreyfing, og það eru til aðrar gerðir af flokkum sem eru kjarnaflokkar þar sem eru fáir sem stýra. En Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur sem getur gert betur með því að virkja það fólk sem er í flokknum. Það er réttilega hægt að segja að það geti verið svolítið flókið og taki tíma og að það þurfi að skipuleggja það."

Hann ólst upp í Borgarnesi og gekk ungur í Sjálfstæðisflokkinn. „Þetta var svolítið stór ákvörðun en málflutningur Sjálfstæðisflokksins höfðaði til mín. Hann lagði áherslu á frelsi, framtak, dugnað og ráðdeild og að öll hefðu jöfn tækifæri innan flokksins og markmiðið var að menn hefðu sem jöfnust tækifæri í þjóðfélaginu. Þannig að valið var mjög einfalt fyrir mig og ég hef aldrei séð eftir því."

Hver hafa verið helstu baráttumál Guðlaugs Þórs í gegnum tíðina? „Þau hafa verið þau sömu frá því ég byrjaði í stjórnmálum. Ég byrjaði í röðum ungs sjálfstæðisfólks og naut þess mjög.



Þá sneri þetta að því að ég tel að fólk eigi að fá að vera sjálfstætt og ráða sér sjálft. Ein ástæðan fyrir því að ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn er að ég þoli ekki að láta segja mér fyrir verkum. Ég tel að stjórnvöld eigi ekki að vera að segja fólki fyrir verkum. Frelsinu fylgir líka ábyrgð. Það þarf líka að sýna ráðdeild. Við þurfum að hugsa til framtíðar. Einn grunnurinn tengist stétt með stétt og okkur er ekki sama um náungann. Við viljum sjá þjóðfélag sem tekur utan um þá sem þurfa á því að halda og hjálpa til sjálfshjálpar."

Ferillinn

Á vef Alþingis segir svo um Guðlaug Þór:
„Umboðsmaður Brunabótafélags Íslands 1988–1989.
Sölumaður hjá Vátryggingafélagi Íslands 1989–1993.
Kynningarstjóri hjá Fjárvangi 1996–1997.
Framkvæmdastjóri Fíns miðils 1997–1998.
Forstöðumaður hjá Fjárvangi/Frjálsa fjárfestingarbankanum 1998–2001.
Forstöðumaður hjá tryggingadeild Búnaðarbanka Íslands 2001–2003.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 24. maí 2007 til 31. desember 2007.
Heilbrigðisráðherra 1. janúar 2008 til 1. febrúar 2009.
Utanríkisráðherra 11. janúar 2017 til 31. desember 2019. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra 1. janúar 2020 til 27. nóvember 2021.
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra síðan 28. nóvember 2021.
Í skipulagsnefnd Borgarness og formaður umhverfisnefndar Borgarness 1990–1994.
Í stjórn Sambands ungra Sjálfstæðismanna 1987–1997, ritari 1987–1989, varaformaður 1989–1993, formaður 1993–1997.
Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1991–1997 og framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins 1993–1997.
Í stjórn DEMYC, Evrópusamtaka ungra hægri manna og kristilegra demókrata, 1997–2001.
Í borgarstjórn Reykjavíkur 1998–2006.
Í leikskólaráði Reykjavíkur 1998–2006.
Í stjórn knattspyrnudeildar Vals 1998–1999.
Í hafnarstjórn Reykjavíkur 1998–2000.
Varaformaður IYDU, International Young Democrat Union, 1998–2002.
Í umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 1998–2002.
Í fræðsluráði Reykjavíkur 2000–2002.
Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 2002–2006.
Í skipulagsnefnd Reykjavíkur 2002–2006.
Í hverfisráði Grafarvogs síðan 2002.
Í stjórn skipulagssjóðs Reykjavíkurborgar 2003–2006.
Í stjórn Vímulausrar æsku 2002–2007.
Í stjórn Neytendasamtakanna 2002–2004.
Formaður Fjölnis 2003–2007.
Alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður 2003–2009, alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2009–2016, alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður síðan 2016 (Sjálfstæðisflokkur).
Varaþingmaður Vesturlands febrúar–mars 1997, maí–júní og október–nóvember 1998 (Sjálfstæðisflokkur).
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2007–2008.
Heilbrigðisráðherra 2008–2009.
Utanríkisráðherra 2017–2019.
Utanríkis-og þróunarsamvinnuráðherra 2020–2021.
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra síðan 2021."

> *Ég hef náð með þessu að vita lítið um margt sem er kannski að sumu leyti ágætt.*

Málefni norðurslóða áberandi

Rætt er um tímann í utanríkisráðuneytinu. Hnattvæðingu og samvinnu þjóða.
„Þróunin er svolítið í hina áttina núna. Það er spenna og átök á milli þjóða. Ég hef alltaf lagt áherslu á að við skipum okkur í hóp þjóða sem leggja áherslu á sömu gildi og við. Það þýðir ekki að við séum að skrifa upp á allt sem viðkomandi stjórnmálamenn

SKANNAÐU OG LÍTTU VIÐ



EIR - ÆFINGABUXUR
4200 KR.
60% afsl.



SIGRÚN WIDELEG PANTS
5400 KR.
50% afsl.

BRAN

BRAND

25% - 80%
AFSLÁTTUR

SVARTUR N



SIGRÚN - ÆFINGATOPPUR
3320 KR.
60% afsl.



HILDR - HETTUPEYSA
2950 KR.
84% afsl.



MIST - CREWNECK
2670 KR.
70% afsl.



ÞRÚÐR - ÆFINGABUXUR
6780 KR.
40% afsl.



HILDR - HÁLFHALDARI
2370 KR.
40% afsl.



MIST - HÁLFHALDARI
2160 KR.
40% afsl.

DSON

SON.IS



GUNNAR - T-BOLUR
2070 KR. **70% afsl.**



GUNNAR - STUTTB.
2670 KR. **70% afsl.**

SKANNAÐU OG LÍTTU VIÐ

NÓVEMBER

25% - 80%

AFSLÁTT



ÞRÚÐR - T-BOLUR
2120 KR. **60% afsl.**



EIR - ÆFINGATOPPUR
3100 KR. **50% afsl.**



EIR - LANGERMA
5100 KR. **60% afsl.**



SIGRÚN - ÆFINGAB
3920 KR. **60% afsl.**



EIR - STUTTB
3150 KR. **50% afsl.**



EIR - HJÓLA STUTTB
5390 KR. **30% afsl.**



eru að gera hverju sinni í viðkomandi þjóðfélögum en þau leggja áherslu á frelsi, lýðræði, mannréttindi og réttarríkið. Það sem ég lagði áherslu á sem utanríkisráðherra var að efla og styrkja varnir landsins og gerði mikið hvað það varðar svo sem að styrkja tengsl okkar við nánustu bandalagsríkin sem ekki var vanþörf á og þá er ég að vísa í önnur Evrópulönd, Bandaríkin og Kanada og önnur ríki lengra frá okkur sem eru með sömu gildi og við. Sömuleiðis styrkti ég samstarfið við hin Norðurlöndin sem segja má að séu eins og fjölskylda í alþjóðasamfélaginu. Og ég lagði sérstaklega áherslu á okkar nánustu vini og bandamenn eins og Grænlendinga og Færeyinga.

Að sama skapi fannst mér vera mikilvægt að við létum rödd okkar heyrast á alþjóðavettvangi þegar kom að þeim gildum sem við leggjum áherslu á og hvað varðar Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna þá sýndum við að þótt við séum ekki fjölmenn þá erum við rödd sem skiptir máli. Þar töluðum við um mannréttindi, réttindi hinsegin fólks og fjölbreyttari hópa og jafnrétti kynjanna er gegnumgangandi í öllu okkar starfi.“ Málefni norðurslóða voru áberandi í ráðherratíð Guðlaugs Þórs í utanríkisráðuneytinu. „Þar eru náttúrlega gríðarlegir hagsmunir hjá okkur og mikilvægt að þróun á því svæði sé hagfelld, ekki bara fyrir okkur heldur heiminn. Við stýrðum Norðurskautsráðinu á mesta ólgutíma í sögu þess ráðs. Á sama tíma lagði ég líka áherslu á ráðdeild þegar kom að utanríkisþjónustunni og bæði fækkaði sendiráðum og sendiherrum og fór í ýmis umbótaverkefni hvað það varðar. Sömuleiðis þegar kom að þróunarsamvinnu þá byrjuðum við á mannréttindamiðaðri þróunarsamvinnu.“

> *Við verðum að vera með bestu mögulegu upplýsingar um norðurslóðir*

Stríðið í Úkraínu hefur haft mikil áhrif á samstarf á norðurslóðum og hefur Norðurskautsráðið sett starfsemi sína að mestu leyti á ís. Þá ríkir mikil óvissa um áframhaldandi samstarf við til dæmis rússneskar stofnanir og vísindamenn. „Þetta er auðvitað óhjákvæmilegt vegna þess að Rússar eru búnir að ganga þannig fram að það verður að gefa skýr skilaboð. En áhyggjuefnið varðandi norðurslóðir er ef við verðum ekki það minnsta með vísindasamstarf þvert á landamæri og þvert á tungumál því styrkur Norðurskautsráðsins hefur verið það samstarf; við verðum að vera með bestu mögulegu upplýsingar um norðurslóðir. Ábyrgðin er rússneskra stjórnvalda; þeir ganga fram með þessum hætti. Þeir ganga þannig freklega fram að jafnvel þótt að fram til þessa hafi verið reynt að halda Norðurskautsráðinu frá hefðbundnum deilumálum á alþjóðavettvangi þá réðust þeir inn í Úkraínu sem er svo brjálað að enginn einhvern veginn vildi tala um það sem möguleika. En menn geta svo sem sagt það að þegar þeir voru búnir að fara inn í bæði Georgíu og Krímskaga þá væru þeir til alls líklegir. Og sérstaklega þegar Evrópuþjóðir voru búnar að koma sér í þá stöðu að vera háðar þeim með jarðefnaeldsneyti eins og raun ber vitni að þá hafi þeir augljóslega metið stöðu sína það sterka að þeir kæmust upp með þetta.“

Guðlaugur Þór segir að í sínum huga sé það algerlega ljóst að Íslendingar verði að styðja úkraínsku þjóðina í baráttu sinni fyrir frelsi. „Þau eru ekki aðeins að berjast fyrir lífi sínu og frelsi sínu. Þau eru líka að berjast fyrir okkur öll. Ef Pútín kemst upp með þetta þá er ómögulegt að segja hvað honum dettur í hug næst. Þannig að það sem við eigum og verðum að gera og halda áfram að gera er að styðja eins og við getum við bakið á úkraínsku þjóðinni. Því að gera það ekki myndi hafa hræðilegar afleiðingar í för með sér.“

Mikilvægi regluverks

Úkraínumenn hafa sótt um vernd á Íslandi vegna stríðsins. Þá hefur fólki frá öðrum löndum fjölgað mikið sem sækir um vernd hér á landi og hefur Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra lagt fram frumvarp um breytingar á útlendingalögum. Skiptar skoðanir eru um þessi mál og hefur meðal annars verið bent á að hluti þeirra sem koma hingað sem hælisleitendur sé með tilhæfulausar umsóknir, með vernd í öðrum löndum, misnoti velferðarkerfið eða villi á sér heimildir. *Hvað vill*

Guðlaugur Þór segja um þessi mál?

„Við þurfum í grunninn að horfa til annarra landa. Það er margt sem gerist á undan í öðrum löndum heldur en hér. Þetta er mesti flóttamannavandi frá dögum seinni heimsstyrjaldarinnar og það er mikilvægt að við séum með regluverk sem gerir vel við þann hóp sem kemur til landsins og við þurfum að gera það vel. Það kostar og það skiptir máli að það fólk aðlagist en ef það gerir það ekki þá mun það skapa alls konar vandræði. Það getur engin þjóð tekið á móti öllum. Við erum ekki undanþegin hvað það varðar. Þess vegna er mjög mikilvægt að regluverkið sé til staðar og það regluverk sem menn hafa viljað koma á er í samræmi við það sem við sjáum í löndunum sem við berum okkur saman við. Þannig hefur verið með regluverk sem gengur vel upp og þá getum við tekið á móti fólki með þeim sóma sem við eigum að gera. Það er engin þjóð sem getur haft algjörlega opnar dyr og jafnvel þjóðir sem eru margfalt fjölmennari en við gera það ekki heldur."

> *Það er ljós að við erum að taka hlutfallslega fleira fólk*

Guðlaugur Þór er spurður hvort honum finnist Íslendingar vera með opnar dyr. „Það sem maður hefur áhyggjur af þegar maður sér samanburðartölur er að það er ljóst að við erum að taka hlutfallslega fleira fólk og það er alveg vitað að sumt af þessu fólki mun ekki fá leyfi til að vera hér. Þess vegna þurfa menn að skerpa á því að það sé góð sátt um það að taka á móti fólki og við viljum og þurfum að fá fólk. En leikreglurnar verða að vera skýrar. Við verðum að vita að hverju það gengur."

Sérstaklega óþægilegt

Skipulögð glæpastarfsemi hefur aukist.

Hvað þarf að gera varðandi það?

„Á mínum ferli hefur maður séð þetta svo oft: Ef eitthvað gerist annars staðar þá er líklegt að það gerist hjá okkur. Sérstaklega Norðurlöndin hafa ráðlagt okkur hvað þetta varðar. Einu sinni voru þau á þeim stað að þetta var lítið vandamál og varð síðan stórt. Við verðum auðvitað alltaf að horfa til öryggis okkar og betra því fyrr sem við gerum ráðstafanir."

Það er stutt síðan menn lögðu um ráðin um að myrða Guðlaug Þórð en þeir héldu að hann væri enn utanríkisráðherra.

„Þetta er óþægilegt. Ég skal alveg viðurkenna það. Það er eitt að einhver segi eitthvað svona en samkvæmt mínum bestu heimildum voru þeir að safna vopnum. Það var sérstaklega óþægilegt þegar maður upplýsti fjölskylduna um þetta. Það var það erfiðasta í þessu. Fjölskyldur stjórnmálamanna upplifa ýmislegt sem þær eiga ekki skilið. Þetta hefur ekkert með þau að gera. Það er eðlilegt að við stjórnmálamenn séum gagnrýndir og stjórnmálamenn þola það miklu betur heldur en fjölskyldur þeirra."

Guðlagur Þór segir að mikilvægt sé að nálgast svona mál af yfirvegun sem og að allar ákvarðanir sem teknar eru þegar kemur að öryggismálum séu teknar af yfirvegun. „Við Íslendingar erum mjög lánsamir þegar kemur að öryggismálum og vonandi verður það þannig alla tíð. Það geta allir gengið hér um götur án þess að upplifa svipaða hluti og sums staðar í fjölmennari löndum og við eigum ekki að vera kærulaus eða vera með andvaraleysi. Við eigum að halda í þetta sem hefur einkennt okkar þjóðfélagsskipan." Það eru örfá ár síðan Guðlaugi Þór var hótað lífláti vegna þriðja orkupakkans.



„Það var sömuleiðis ekki gott. Og ekki þægilegt. Alls ekki. En miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið varðandi atvikið í haust þá er það mun verra."

Þriðju orkuskiptin

Hverjar eru aðaláherslur Guðlaugs Þórs í embætti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra?

„Verkefni okkar er að framfylgja stjórnarsáttmálanum og loftslagsmálin eru kannski helsta málið eða allavega eitt af helstu málunum. Við erum með gríðarlega metnaðarfull markmið við Íslendingar þegar kemur að loftslagsmálum. Við settum okkur mjög metnaðarfull markmið sem við ætlum að ná á sjö árum og það er það sem við höfum lagt mikla áherslu á. Það er alveg ljóst að við þurfum að fara í orkuskiptin. Við fórum í fyrstu tvö orkuskiptin sem skiluðu mjög miklu og það hefur skilað þjóðfélaginu gríðarlega miklu. Við værum í efnahagsvanda ef þessi sem á undan komu hefðu ekki bæði séð okkur fyrir íslenskri, endurnýjanlegri orku bæði þegar kemur að rafmagni og síðan húshitun. En núna erum við að fara í þriðju orkuskiptin sem gerir það að verkum að við verðum sjálfstæð orkulega séð og það hefur gríðarlega mikil áhrif ekki bara á efnahaginn og loftslagið heldur ekki síður þjóðaröryggismál. Því að það að við séum ekki háð öðrum með orku þýðir að við verðum ennþá sjálfstæðari þjóð heldur en við erum í dag. Við værum í hræðilegum málum ef þeir sem töluðu fyrir því að við myndum nota gas - en við vorum með gasstöð í Reykjavík í hálfa öld - hefðu orðið ofan á og þá værum við að horfa á sama vanda og þær þjóðir sem við erum að horfa á sem eru að sjá jafnvel tvöföldun á orkureikningnum sínum með tilheyrandi afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki. Ef við værum búin að þessu þá værum við í enn betri stöðu í dag og við eigum alla möguleika á því að vera algjörlega fremst á meðal þjóða. Og það mun þýða aukin tækifæri í öllum atvinnugreinum hvort sem það er að flytja út fisk eða iðnaðarvöru eða að vera með ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt."

Loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á norðurslóðum svo sem varðandi hlýnun jarðar. „Við á norðurslóðum finnum mest fyrir hlýnun jarðar. Það sem gerist er að mikilvægi Íslands eykst. Staðsetning Íslands er mikilvæg og hefur verið ▶

það alla síðustu öld og verður ennþá mikilvægari núna þegar við erum að sjá siglingaleiðir opnast. Það sem ég lagði áherslu á í forystu í Norðurskautsráðinu og sem utanríkisráðherra var að þetta svæði er sjálfbært þegar kemur að umhverfinu sem og efnahagslega og félagslega. Við skulum ekki gleyma því að um fjórar milljónir manna búa á norðurslóðum og það fólk finnur fyrir áhrifum hlýnunar mjög sterkt en það er líka mikilvægt að þarna gildi áfram lög og réttur - bæði alþjóðleg lög og sömuleiðis réttur hverrar þjóðar fyrir sig og að þarna skapist ekki meiri spenna heldur en orðið er. Því allt sem gerist á norðurslóðum munu menn finna fyrir annars staðar. Og þegar kemur að umhverfismálum þá lítur maður líka til hluta eins og ef það yrði mengunarslys en það hefði gríðarlega alvarlegar afleiðingar ekki síst fyrir okkur Íslendinga."

Ánægður með margt

Guðlaugur Þór er spurður hvað honum finnst hann helst hafa komið til leiðar á Alþingi.

„Það sem mér finnst ég helst hafa komið til leiðar er þegar kemur að áherslum í ríkisfjármálum. Ég hef ávallt talað fyrir því að við þurfum að vera skuldlítil þjóð og mér finnst skilningur á því hafa aukist. Ég held að lögin um opinber fjármál sem ég kom að ásamt öðrum að klára hafi breytt mjög umhverfi hvað það varðar. Sömuleiðis barðist ég varðandi húsnæðismálin; þá höfum við stigið skref í rétta átt að hjálpa fólki til að eignast húsnæði því hér áður fyrr var verið að hjálpa fólki við að skulda. Mér finnst margt hafa áunnist þegar kemur að opinberum rekstri og ríkisfjármálum og sömuleiðis ríkisrekstri. Mikið af þeirri vinnu sem maður vinnur er ósýnileg.

Þó ég sé núna fyrst orðinn umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þá var ég formaður umhverfisnefndar Alþingis og við stigum mörg góð skref í náttúruvernd en þá var Sigríður Anna Þórðardóttir mjög góður umhverfisráðherra og stýrði hún málaflokknum.

Sem heilbrigðisráðherra þá náði ég að stytta biðlista og leggja áherslu á forvarnir sem að vísu gerðist lítið í þangað til menn eru að vakna upp við vondan draum núna vegna þess að þá voru lífsstílssjúkdómar fyrirséðir. Þá lagði ég áherslu á málefni eldri borgara. Okkur er að fjölga og við lifum lengur sem er frábært. En við hefðum betur á þeim tíma lagt meiri áherslu á að búa okkur undir það. Ég veit ekki hvar ég á að hætta. Ég er ánægður með margt sem ég hef gert sem þingmaður og ráðherra. Þetta er það sem kemur upp fyrir utan öryggis- og varnarmálin. Það er kannski svolítið einmanalegt að leggja áherslu á þessar hefðbundnu varnir og netöryggismál og fleira sem utanríkisráðherra en það skilja það allir vel núna út af þessum hræðilegu atburðum. En þegar ekkert slíkt er í gangi þá getur það verið verkefni að styrkja þessa þætti - að við séum örugg og með góðar varnir - sem eru náttúrlega grunnurinn að sjálfstæði okkar."

Guðlaugur Þór nefndi biðista. Hvað vill hann segja um fólk með fötlun sem er á besta aldri og fær ekki inni nema kannski á heimilum fyrir aldraða? „Það er af mörgu að taka þegar kemur að þessum málum. Aðalatriðið er að við nýtum fjármunina sem best þannig að flestir geti fengið þjónustu. Sem heilbrigðisráðherra stofnaði ég sjúkratryggingar að norrænni fyrirmynd sem hefur það að markmiði að greina hvernig er hagkvæmast fyrir ríkið að nýta fjármunina sem best þannig að sem flestir fái þjónustu. Þarna er ennþá verk að vinna því að þó svo að þetta hafi verið samþykkt árið 2007 þá er þetta ekki komið á þann stað sem þetta á að vera á. Og ég held að það sé mikilvægt að það gerist sem allra fyrst."

> *Það er komið fullt af nýjum ættmennum.*

Guðlaugur Þór er spurður hvernig sé að starfa með núverandi ríkisstjórn. „Mér líður vel í þessari ríkisstjórn. Fólk er ólíkt og með ólíkar skoðanir og það þýðir að það þarf oft tíma til að ræða síðan niðurstöðu. Mér finnst vera einkennandi að þeir sem eru í ríkisstjórninni kunni til verka. Fólk í þessari ríkisstjórn kann að vinna í pólitík og hún hefur skilað góðum árangri. Við erum búin að gera mikið á skömmum tíma þegar kemur að loftslagsmálum svo sem að rjúfa kyrrstöðu þegar kemur að grænni orku."

Hvernig myndi ráðherrann lýsa sér sem stjórnmálamanni?

„Markmið mitt er að vera heilsteyptur og samkvæmur sjálfum mér, duglegur og auðmjúkur gagnvart því forystuhlutverki sem mér hefur verið falið. Því það eru forréttindi og ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem ég hef fundið á meðal kjósenda. Það er það sem ég brenn fyrir og þetta er mín ástríða. Ég hef það alltaf hugfast að þetta er ekki sjálfgefið og maður á að vera þakklátur fyrir þetta og sýna það í verki og störfum."

Ættleiddur

Maðurinn sem ólst upp í ástríki foreldra sinna í Borgarnesi og varð síðar stjórnmálamaður er ættleiddur. „Ég fékk að vita þetta ungur og ég held að það sé gott. Þetta er eitthvað sem ég vissi. Ég elskaði foreldra mína heitt og þau mig og ég var heppinn að alast upp við mikið ástríki og stuðning. Mér leið ekki illa með þessa vitneskju enda var engin ástæða til. Það var ekkert hægt að óska sér betra heldur en að lifa við ástríki og stuðning foreldranna." Það var Ágústa, eiginkona Guðlaugs Þórs, sem hvatti hann fyrir nokkrum árum til að hafa samband við blóðmóður hans.

„Þó maður hafði ætlað að gera þetta þá var það spurning hvaða dag maður ætlaði að gera það. Ágústa rak mig loksins til að gera það sem ég hafði ætlað að gera lengi."

Svo rann dagurinn upp. Hvernig voru viðbrögð blóðmóður hans?

„Þau voru mjög góð. Þetta er upplifun; það er komið fullt af nýjum ættmennum. Þetta er prýðisfólk sem ég hef verið í svolitlum samskiptum við en ég vildi gjarnan vera í meiri samskiptum við það. Það fer náttúrlega mikill tími í vinnuna og stjórnmálavafstrið og ég reyni að forgangsraða tímanum þegar kemur að fjölskyldunni minni. En maður gerir aldrei nóg af því að vera í samskiptum við fólk sem manni þykir vænt um og á að vera í samskiptum við. En það var mjög notalegt að hafa hitt blóðmóður mína og ég er ánægður með að hafa gert þetta og hefði átt að vera búinn að gera þetta fyrir löngu síðan. En það er eins og það er."

Þau Ágústa eiga tvíbura sem eru tvítugir og svo á Ágústa tvö börn af fyrra hjónabandi og eiga þau börn og eru barnabörnin þrjú.

„Ég á yndislega fjölskyldu og það eru forréttindi að vera afi. Við reynum að skipuleggja hlutina þannig að við hittumst öll einu sinni í viku og gefum

þeim að borða. Við erum lánsöm af því að þau vilja alltaf koma. Ég held að það skipti máli að hafa einhverja fasta punkta af því að tíminn er svo fljótur að líða og allir eru uppteknir í sínu. Það er forgangsmál að sinna fjölskyldunni og maður gerir aldrei nóg af því. Ég er stoltur af öllum börnunum og mökum þeirra og fjölskyldum og tel mig vera lánsaman að eiga þau að." Ágústa er framkvæmdastjóri Hreyfingar og segir Guðlaugur Þór að það sé gott að geta æft þar og svo er hann almennt duglegur að fara í göngur. „Þegar ég er ekki fótbrotinn þá fer ég í göngutúr með hundinn en eðli málsins samkvæmt er ég að skakklappast á hækjunum sem er að vísu ágætis hreyfing fyrir efri part líkamans. Ég verð að hreyfa mig. Mér líður ekki bara vel líkamlega heldur líka andlega ef ég næ að hreyfa mig. Ég hef alltaf þurft að hreyfa mig."

Hann nefndi hund. Hundurinn er rakkinn Máni sem er þriggja og hálfs árs. „Hann er ljúfur og skapgóður og afskaplega góður félagsskapur og hann þarf mikið á kjassi að halda." Fjölskyldan fer stundum í bústaðinn í Skaftártungum. „Tengdaforeldrar mínir hafa verið með skógrækt þar í 40 ár og við tókum við hluta af því fyrir nokkrum árum síðan og höfum verið að koma okkur þar fyrir og erum með skógrækt og landgræðslu."





Guðlaugur Þór segir að Ísland sé stórkostlegt land og að ekkert sé betra en að vera úti í náttúrunni. „Það gefur mér mjög mikið. Auðvitað er hreyfingin mikilvæg en ég sæki ekki síður kraft og styrk í náttúruna. Við eigum gimsteina út um allt og það er ekkert skrýtið að útlendingar vilji koma hingað. Íslensk náttúra er einstök og maður getur aldrei fengið nóg af því að njóta hennar."

Sorgin

Foreldrar Guðlaugs Þórs eru látnir. „Það er alltaf erfitt að geta ekki lengur haldið utan um þá sem manni þykir vænt um. Í mínu tilfelli fannst mér þetta líka vera erfitt af því að við vorum bara þrjú; við vorum þrjú sem áttum fullt af sameiginlegum minningum sem engir aðrir áttu og ofan á sorgina yfir að þau eru farin þá eru það ákveðin kaflaskil þegar maður getur ekki rætt um ákveðna hluti við neinn vegna þess að það voru bara þrír og tveir eru farnir. Ég fékk bestu ráðleggingar sem ég hef fengið varðandi sorgina frá góðri vinkonu minni sem sagði að þetta væri vont, þetta yrði vont en að þetta versnaði ekki. Það sem stendur sem betur fer upp úr eru mjög ánægjulegar minningar og ég er þeim óendanlega þakklátur fyrir hvað þau gáfu mér."

Hvað er dauðinn í huga Guðlaugs Þórs?

„Ég vil trúa því að það sé eitthvað meira en maður veit ekki nákvæmlega hvað það er. Ég vil líka trúa því að lífið hafi tilgang. Ég vil trúa því að ef við breytum rétt þá skipti það máli bæði þegar við lifum og í framhaldinu sama hvað það er."

Guðlaugur Þór er spurður um aðra lífsreynslu sem hefur mótað hann. „Það er ýmiss konar mótlæti í lífinu. Ég hef séð fólk ganga í gegnum erfiða hluti sem vanalega tengist sorg. Fólk missir jafnvel börnin sín. Vinir mínir hafa lent í því og maður upplifir það með þeim. Það er það erfiðasta sem fólk getur lent í. Margir hafa lent í gríðarlegum mótbyr og ég held að það hafi mótað mig að sjá hvernig fólk vinnur sig út úr því sem gerir það að verkum að þegar maður lendir sjálfur í mótbyr sem maður stuðlar að sjálfur, sérstaklega þegar maður er í stjórnmálum, þá verður maður að minna sig á það að maður er að lenda í miklu auðveldari málum heldur en þeir sem eru að fara í gegnum virkilega erfið mál. Ég reyni að hafa það hugfast þegar maður fær mótbyrinn og mótlætið sem manni finnst vera erfitt að það er sannarlega til fólk sem hefur lent í miklu erfiðari málum og unnið sig vel út úr því. Það er þetta fólk sem ég ber mesta virðingu fyrir."



Lengsti dómur Íslands

Þriðjudaginn 6. janúar 1957, myrti Sigurbjörn Ingi Þorvaldsson unnustu sína, Concordíu Jónatansdóttur með rifli í eldhúsi Garðyrkjuskólans á Reykjum í Hveragerði. Í fyrstu hlaut Sigurbjörn 12 ára dóm fyrir morðið en Hæstiréttur þyngdi dóminn í 16 ár.

Það var rétt fyrir hádegi, sunnudaginn 6. janúar árið 1957 að Sigurbjörn Ingi, vinnumaður í Garðyrkjuskólanum fór til Hveragerðist til að hitta mann sem hann hafði vitneskju um að ætti riffil. Fékk hann riffilinn lánaðan með því að ljúga því til að hann þyrfti að aflífa fótbrotinn kálf.
Maðurinn lánaði Sigurbirni riffilinn með þremur skotum í. Sigurbjörn þurfti aðeins eitt þeirra.

Með riffilinn með sér

Sigurbjörn fór þá aftur í Garðyrkjuskólann á Reykjum og borðaði hádegisverð með nemendum og starfsfólki skólans. Fólki brá við að sjá hann með riffilinn en hann róaði það með því að segja ekki eiga skot í
hann. Sigurbjörn og unnusta hans, Conkordía höfðu verið á dansleik kvöldið áður, í bænum en enginn hafði tekið eftir óeðlilegri hegðun hans. Conkordía var nemandi í skólanum en þau höfðu þekkst í rúmt ár.

„Jæja, Día mín“

Sigurbjörn kláraði matinn og tók svo eina skák við annan mann í sal skólans en hann þótti nokkuð lunkinn skákmaður og var vel liðinn meðal fólks á svæðinu. Eftir skákina reis hann á fætur, tók riffilinn í hönd og gekk inn í eldhús skólans. Voru þar fyrir nokkrar konur en Concordía
var ein þeirra. Sigurbjörn spurði ráðskonuna sem þar var, hvort nokkuð vantaði mjólk úr fjósinu. Þá gekk hann upp að unnustu sinni og beindi orðum sínum að henni: „Jæja, Día mín.“ Svo beindi hann rifflinum að kvið hennar og tók í gikkinn. Gekk hann svo í herbergi sitt í rólegheitunum og lokaði að sér. Lést Concordía fljótlega eftir að skotið reið af.

Klukkutíma síðar var Sigurbjörn handtekinn af sýslumanni Árnesinga, Páli Hallgrímssyni.

12 ára dómur

Concordía, sem var einungis 19 ára er hún lést, hóf nám við skólann ári
áður en Sigurbjörn var vinnumaður við skólann. Játaði hann morðið strax en gaf aldrei upp ástæðuna. Talið var að megn afbrýðisemi hans hafi átt þar þátt í máli. Þá hafði hann verið undir áhrifum samfleytt í nokkra daga fyrir morðið og sofið lítið, var það talið eiga sinn þátt í ákvörðun hans um að myrða unnustu sína. Eftir að hafa sætt geðrannsókn á Kleppi í sjö mánuði, var hann talinn sakhæfur.

16 ára dómur

Sigurbjörn hafði reyndar þjáðst af þunglyndi síðasta hálfa árið og reynt að fremja sjálfsvíg með því að innbyrða Lýsol, sem er sterkt efni sem notað er í sápur. Tókst þá að koma honum til læknis í tæka tíð. Síðustu mánuðina fyrir morðið hafði fólk þó tekið eftir því að hann virtist rólegur og í essinu sínu.

Í Morgunblaðinu frá árinu 1957 er vitnað í skýrslu dr. Helga Tómassonar: „Almenn taugakerfisrannsókn er eðlileg, einkanlega skal tekið fram, að ekki eru neinir Keith Flachs hringir í augunum né önnur einkenni, sem
bent gætu til svonefndra Hepato. Álit mitt á Sigurbirni Inga Þorvaldssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveill í venjulegum skilningi, en haldinn tímabundinni drykkjusýki, dipsomani. Hann hefir vefrænan taugasjúkdóm. Við langa athugun á geðspítala, komu engin geðveikisheilkenni fram hjá honum, en fimm sinnum má telja, að um nokkrar geðlagssveiflur hafi verið að ræða svipaðar þeim, sem koma fram hjá periodiskt drykkjusjúkum mönnum, sveiflur sem ef hann hefði verið utan spítala, sennilega hefðu valdið því að hann hefði farið að neyta áfengis. Maðurinn virðist fyllilega vita hvað honum hefir orðið á og skilja viðbrögð þjóðfélagsins.“

Lengsti dómur Íslands

Sigurbjörn hlaut 12 ára dóm fyrir morðið en eftir að málið var áfrýjað þyngdi Hæstiréttur dóminn og bætti við 4 árum til viðbótar. Var það lengsti dómur sem nokkur hafði hlotið á Íslandi um árabil. Sigurbjörn lést árið 1995.



Eyjólfur Pétursson:

„Ég var heppinn að æxlið sprakk sjálft“



Hlaðvarp um íslenska sjómenn

SJÓARINN

Sjómennskan er ekkert grín

„Ég hætti bara vegna þess að heilsan klikkaði hjá mér," sagði Eyjólfur Pétursson, gestur hlaðvarpsins Sjóarinn sem sýnt er á vef Mannlífs. Eyjólfur er yngstur Íslendinga til að verða togaraskipðstjóri. Rétt rúmlega tvítugur stóð hann í brúnni á síðutogara.

Hann var skipstjóri á skuttogaranum Vestmanney frá árunum 1972-1991. Eyjólfur er annálaður aflamaður. Hann var ekkert á leiðinni í land þegar áfallið dundi yfir í miðri veiðiferð á Vestmannaey.

„Ég veiktist alvarlega út á sjó. Það fossaði blóð út úr afturendanum á mér, en ég var með krabbamein í ristlinum. Ég var heppinn að æxlið sprakk sjálft. Æxlið var svo fjarlægt þegar 10 cm voru skornir af ristlinum, botnlangameginn og æxlið tekið út, en það var illkynja. Það hefur aldrei fundist neitt síðan. Það var lán í óláni að það skildi fara að blæða úr því. Læknirinn sagði að: ef þetta hefði fundist eftir 10 ár, þá hefði ég verið hætt kominn og krabbinn sennilega búin að breiða sig út í önnur líffæri".

Þú ert þá hætt kominn á þessari stundu?

„Ég var fluttur í land í snatri með þyrlu, en ég man ekkert eftir því – ég var hálf rænulaus."

Gerðist það þá að nóttu til?

„Ég var búinn að vera í tvo daga með það sem ég kalla „bombuveiki," inn og út af salerninu. Svo fannst mér liturinn farinn að verða svolítið skrítinn, en það endaði svo á því að það kom bara blóð. Klósettskálin var orðin alveg rauð. Þá fór ég upp og talaði við Bigga stýrimann og lýsti þessu fyrir honum. Ég hélt í fyrstu að þetta væri gyllinæð. Þá kallaði ég í talstöðina í Vestmannaeyjaradío og lýsti þessum veikindum. Læknirinn spurði mig, hvar við værum staddir. Ég sagði honum það. „Hvað ertu lengi í land?" Ég sagði honum það". Læknirinn skipaði honum að hætta veiðum og halda strax á fullri ferð til lands. Hann sagðist senda þyrluna til hjálpar. Þá sagði Eyjólfur: „Ertu eitthvað klikkaður, þetta er bara ég." „Það er alveg sama hvort að það ert þú eða einhver annar".

Skömmu eftir að samtalinu við lækninn lauk missti Eyjólfur meðvitund og man ekkert frá því hann kom um borði í þyrluna og þar til þyrlan lenti í Reykjavík.

„Ég rankaði við mér á Reykjavíkurflugvelli og spurði hvar er ég? Ég er alveg klár á því, að ef þetta hefði ekki gerst, þá væri ég ekki á lífi í dag."



Helgarpistillinn
Harpa Mjöll Reynisdóttir

Elskaðu *að hata* nágrannann

„Elskaðu nágranna þinn eins og sjálfan þig," er tilvitnun úr Biblíunni. Þó ég hafi aldrei verið sérstaklega trúrækin eða komist nálægt því að lesa svo mikið sem eitt orð úr hinni heilögu bók, þá hef ég alltaf vitað af þessari tilteknu setningu. Nágranni er líklega víðara hugtak en bara þeir sem eiga búsetu nálægt þér en mín upplifun er sú að þeir sem búa næst þér, þola þig verst.

Fyrir tæpu ári síðan keypti ég mér mína fyrstu eign með sambýlismanni mínum, bjartsýn á komandi tíma og spennt að hefja lífið sem fullgildir meðlimir samfélagsins; íbúðareigendur. Ég hafði einhverja reynslu af svokölluðum „íbúasíðum" á Facebook en aldrei hafði ég sérstaklega hugsað til þess hversu heitt og innilega margir hata nágranna sína, fyrr en núna. Í kringum okkur búa að mestu leyti ungt fólk. Við vorum viðbúin partýstandi, ælu fram að svölum, háu góli og jafnvel öllu ruslinu. Aldrei hefði okkur þó grunað að aðal vandamálið væri íbúasíðan.

Upplifunin er sú að alltaf séu augu á manni. Ekki leggja vitlaust, ekki henda papparusli í almenna gáminn og í guðanna bænum fylgstu með hverju skrefi kattarins! Upp kom mál nýlega þar sem skítur fannst í sameigninni, málið rataði beinustu leið inn á húsfélagsfund og auðvitað vantaði ekki umræðuna inn á íbúasíðuna góðu. Fólk rökræddi hvaðan skíturinn gæti verið að koma, hverjum væri hægt að kenna um og refsa. Hvort er þetta hunda- eða kattareigendum að kenna? Það þótti mikilvægt að komast til botns í þessu en á meðan sitja önnur mál á hakanum. Myndir af gæludýrum voru birtar, getur þetta verið sökudólgurinn, HVER á þennan kött? HVERJUM get ég refsað?

Íbúasíðan er mestmegnis gremja og reiði, hvort sem það tengist dýrunum eða einhverju öðru, væntumþykju til náungans er ekki að finna þarna inni. Áhugavert væri að skoða hvað veldur þessu, hvaðan kemur þessi hatur? Líklega á þetta við fleiri en nágranna. Kannski er maðurinn búinn að þróast út í reiðar og hatursfullar verur með alltof greiðan aðgang að tækni sem auðveldar þeim að skapa vettvang fyrir tilfinningarnar. Líklega kemst ég aldrei að niðurstöðu í þessu máli. Ég held áfram að passa mig við daglegar athafnir, ekki myndi ég vilja enda sem umræðuefni á húsfélagsfundi eins og blessaður kötturinn.

LOSTI

fyrir öll

leyfðu lostanum að taka yfir...

Borgartún 3 & Laugavegur 51

losti.is



Viltu reykja annars staðar, *- takk!*

Mér skilst að það séu sífellt færri á Íslandi sem reykja sígarettur. Það eru góðar fréttir fyrir alla, ekki síst þá sem reykja ekki og hafa aldrei gert. Ég vil ekki hljóma eins og ég kunni hreinlega illa við fólk sem reykir, alls ekki, ég kann bara illa við reykingalykt. Ég á nágranna sem reykir. Þegar hún reykir fer hún aldrei út úr húsinu, hún stendur bara í dyragættinni hvort sem það er að framanverðunni eða garðmegin og reykurinn, í íslenska rokinu, fýkur beint inn um gluggann hjá mér. Þegar ég var ólétt fór þetta sérstaklega í taugarnar á mér og endaði ég á því að biðja hana góðfúslega að stunda sínar reykingar að framanverðu þar sem að ég gat ekki sofið með reykingalyktina inni í svefnherberginu.

Hún tók ágætlega í þessa beiðni í fyrstu en nokkrum mánuðum síðar hafði hún gleymt þessu og allt var komið í sama gamla farið aftur. Ég hef setið úti í garði á sumardegi meðan hún keðjureykir ofan í mig hinum megin við þilið. Ég hef ekki tölu á því hversu oft ég hef þurft að setja hreinan þvott, beint aftur í vélina vegna þess að hún reykti svo mikið þann daginn að hreinu fötin lyktuðu eins og sígarettustubbar. Ég hef gluggann á svefnherbergi barnsins míns lokaðan vegna þess að ég get ekki hugsað mér að það andi að sér sígarettureyk meðan það sefur. Þetta kann að hljóma eins og nöldur en í alvöru, hvers vegna á ég að gjalda fyrir reykingar nágrannans eða reykingar annarra yfir höfuð?

Ég veit ekki hvort fólk sem reykir sé svona ómeðvitað um þann ama sem það getur valdið öðrum eða hvort því sé hreinlega bara nákvæmlega sama. Ég persónulega hallast að því að seinna atriðið eigi við um nágrannann. Ef við tökum út orðið reykingar og hugsum bara um þessa lykt. Hvers vegna finnst fólki í lagi að vond lykt, sem kemur frá því sjálfu, valdi öðrum óþægindum. Finnst nágranna mínum í lagi að ég drífi mig að loka gluggunum á kvöldin svo að húsið angi ekki, bara svo að hún geti reykt sína sígarettu. Reykingafólk! Hvort sem þið eruð meðvituð eða ómeðvituð um þetta – Í guðanna bænum takið tillit!

Léttari **liðir**

með töfrum túrmeriks



Fæst í næsta stórvörumarkaði og apóteki
Einnig í vefverslun **ICEHERBS**, www.iceherbs.is

NON-GMO

100% VEGAN

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Listin

Svava Jónsdóttir

Þorgrímur Andri Einarsson



ALLTAF SÖMU 12 LITIRNIR Á PALLETTUNNI

„Ég legg áherslu á teikningu, tóna og litasamsetningu og að ná að túlka viðfangsefnið mitt á sannfærandi og áhrifaríkan hátt," segir Þorgrímur Andri Einarsson sem var að læra tónsmíðar í Konunglega Tónlistarháskólanum í Haag í Hollandi þegar myndlistaráhuginn kviknaði. „Ég var starfandi við tónlist og trésmíðar áður en ég tók dýfuna og einbeitti mér algjörlega að myndlist," segir hann en myndlistin hefur verið aðalstarf hans frá árinu 2015.

Þorgrímur Andri Einarsson



Þorgrímur Andri er sjálflærður í myndlistinni. „Ég byrjaði að leita mér að kennsluefni á netinu, bæði á YouTube og DVD-myndum sem komu beint frá starfandi listamönnum. Seinna komst ég í kynni við skoskan listamann, Ken Bushe, og fékk að heimsækja hann og læra hjá honum á staðnum og í gegnum samskipti á netinu."

Hann segir að fyrir sér sé myndlist einfaldlega tjáning á myndrænan hátt alveg sama í hvaða formi sú tjáning er. Hann segist alltaf hafa verið mjög hrifinn af Impressionisma í bland við einhvers konar Abstract Realisma. „Ég er svo hrifinn af því myndefni sem ég fæst við að þráin til að fanga það eins og ég sé það er sterk. En það skapast líka alltaf einhver togstreita á milli þess að mála of raunverulegt og að brjóta viðfangsefnið upp í abstrakt form."

HVAÐ MEÐ LITAVAL?

„Litaval er sérstakt fyrir hverja og eina mynd sem ég geri. Ég er alltaf með sömu 12 litina á pallettunni minni og með þeim get ég blandað nánast hvaða lit sem ég þarf til að túlka viðfangsefnið hverju sinni. Á þeim námskeiðum sem ég hef kennt þá koma nemendur oftar en ekki með liti sem eru algjörlega óþarfir vegna þess hve auðvelt er að blanda þá. Að mínu mati er mun skynsamlegra að hafa góða grunnliti og þekkja þá það vel að auðvelt sé að blanda „rétta" litinn."





Á VALDI NÁTTÚRUAFLANNA

Hann ver miklum tíma úti í náttúrunni til að taka myndir, teikna og mála. „Þær eru orðnar nokkur hundruð myndirnar sem ég hef málað úti. Það er eins og náttúran sjálf sé besti kennarinn þegar kemur að því að fanga hana á striga. Það er mun meira krefjandi að mála úti en að sitja í kósí vinnustofu með kaffibolla sér við hlið. Þarna úti er maður á valdi náttúruaflanna. Kuldinn, vindurinn og ljósið er sífellt að breytast og það gæti rignt eða snjóað. En á móti kemur að ávinningurinn er þeim mun meiri þegar vel tekst til; sem er alls ekki alltaf."



Þorgrímur Andri segist vilja að áhorfandinn upplifi þá undrun og fegurð og verði fyrir þeim djúpu áhrifum sem viðfangsefnið hans hefur á hann sjálfan. Ég mála eingöngu það sem ég hef áhuga á eða það sem hreyfir við mér og þannig er ég að bjóða áhorfandanum inn í minn hugarheim."



HVAÐ GEFUR ÞAÐ HONUM AÐ MÁLA?

„Málverkið, ásamt tónlistinni, uppfyllir þá sköpunarþrá sem ég hef haft frá því ég man eftir mér. Maður kemst í mjög sérstakt hugarástand, einhvers konar flæði sem er erfitt að útskýra með orðum. Einnig er það mjög gefandi að standa úti í náttúrunni með það eitt í huga að kynnast henni betur. Maður rýnir í liti og form sem maður myndi venjulega ekki gera og fyrir vikið finnst mér ég eiga sérstakan hluta í þeim stað sem ég er að mála.“

HVAÐ MEÐ DRAUMANA? HEFUR ÞORGRÍM ANDRA DREYMT MÁLVERK OG AÐ HANN SÉ AÐ MÁLA?

„Mig hefur oft dreymt að ég sé að mála. Þá snúast draumarnir ekki endilega um málverkið sjálft en frekar um eitthvað sem ég er að ganga í gegnum eða upplifa á þeim tíma. Það er eins og vinnan við strigann sé að hjálpa mér að vinna úr þeim upplifunum.“

Stækkunargleriđ



Beggi Ólafs

- Hélt fyrirlestur með opna buxnaklauf

Fjölskylduhagir?
Einhleypur án barna.

Menntun/atvinna?
Sjálfstætt starfandi við að hjálpa fólki að lifa innihaldsríku lífi. BSc í sálfræði. MSc í Hagnýtri jákvæðari sálfræði og þjálfunarsálfræði. Doktorsnemi í sálfræði við Claremont Graduate University í Kalíforníu. Rithöfundur, fyrirlesari og hlaðvarpsstjórnandi. Ég nota þjálfunarsálfræði við að hjálpa einstaklingum og fyrirtækjum að yfirstíga sínar áskoranir og að ná sínum markmiðum.

Uppáhalds sjónvarpsefni?
Stranger Things.

Leikari?
Denzel Washington

Rithöfundur?
Jordan Peterson.

Bók eða bíó?
Bók.

Besti matur?
Lambalæri hjá mömmu og pabba.

Besti drykkur?
Kristall.

Nammi eða ís?
Ís.

Kók eða pepsi?
Kók.

Fallegasti staðurinn?
Þórsmörk.

Hvað er skemmtilegt?
Að eiga í góðri stund með vinum.

Hvað er leiðinlegt?
Að gera og senda reikninga.

Hvaða flokkur?
Fýla ekki pólitík.

Hvaða skemmtistaður?
Petersen og Auto.

Kostir?
Þrautseigur, heiðarlegur og duglegur.

Lestir?
Þrjóskur. Erfitt með að slaka á.

Hver er fyndinn?
Sveppi.

Hver er leiðinlegur?
Ég þegar ég er of mikið í mínum kassa.

Mestu vonbrigðin?
Að verða ekki atvinnumaður í fótbolta.

Hver er draumurinn?
Að ná að breyta heiminum til hins betra.



Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Að fara út til Kaliforníu á skólastyrk í Doktorsnám **og** að skrifa Tíu skilaboð.

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?
Langt í frá. Það er ekkert þak yfir mín markmið.

Vandræðalegasta augnablikið?
Að halda fyrirlestur með opna buxnaklauf allan tímann.

Mikilvægast í lífinu?
Að hafa góð áhrif á fólk. Fjölskylda og vinir.

Dökkar súkkulaðibitakökur með sjávarsalti

Súkkulaðibitakökur eru líklega vinsælustu smákökurnar enda er þær bakaðar allt árið um kring. Persónulega finnst mér kökurnar bestar seigar og með aðeins rúmlega af súkkulaðibitum. Þessar súkkulaðibitakökur eru dökkar að lit og alls ekki flóknar í framkvæmd. Gott er að strá örlitlu sjávarsalti yfir kökurnar þegar þær eru nýkomnar úr ofninum.

Hráefni

160 g ósaltað smjör, brætt

½ bolli sykur

¾ bolli púðursykur

1 stórt egg, við stofuhita

1 tsk vanilludropar

1 bolli hveiti

½ bolli kakóduft

1 tsk matarsódi

½ salt

1 bolli dökkir súkkulaðibita, gróft saxað (Lindt er gott)



Aðferð

Bræðið smjör og setjið síðan til hliðar til að kólna í 10-15 mínútur þar til það er volgt.

Hellið bræddu smjöri í stóra blöndunarskál. Bætið bæði hvíta sykrinum og púðursykri saman við, þeytið þar til það hefur blandast vel saman í 20 sekúndur. Vertu viss um að láta það ekki sitja of lengi þar sem það verður erfiðara að þeyta eggið þitt í næsta skrefi.

Bætið eggi og vanilludropum saman við, þeytið þar til það hefur blandast vel saman. Sigtið hveiti, kakó og matarsóda yfir. Bætið salti saman við og blandið þar til það hefur blandast vel saman og mjúkt kökudeig byrjar að myndast. (Athugið að deigið verður þykkt.)

Bætið söxuðu súkkulaði saman við og hrærið saman þar til það hefur blandast saman við deigið. (Best er að nota hendurnar við að hnoða það saman á þessu stigi)

Settu deigið aftur í skálina og settu í kæli í 30 mínútur. Athugaðu að þú getur líka kælt deigið yfir nótt, ef þú gerir það skaltu taka deigið úr ísskápnum 30 mínútum áður en þú býrð til kökurnar.

6. Á meðan deigið er að kólna skaltu forhita ofninn í 180°C. Klæðið stóra flata bökunarplötu með bökunarpappír og setjið til hliðar.
7. Takið deigið úr ísskápnum og raðið kúlum á plötuna. Gætið þess að hafa um 10 cm á milli hverrar köku. Bakið í 8-10 mínútur eða þar til sprungur hafa myndast ofan á og miðjan á hverri tegund lítur út fyrir að vera örlítið hrá.





Síðast, en ekki síst

Björgvin Gunnarsson



Mín fyrsta Costco-ferð

Fyrir fimm árum síðan gerðist nokkuð sem fáir ef einhverjir höfðu þorað að vona hér á landi. Stórverslunin Cosco opnaði á Íslandi. Ég man nú ekki daginn sem það gerðist en ég er nokkuð viss um að himnarnir hafi opnast og englar sungið í kór, slík var dýrðin sennilega.

Stofnaðar voru um fimm Costco-grúppur á Facebook en sú vinsælasta, Costco gleði hefur um 55 þúsund fylgjendur. Ég endurtek, 55 þúsund fylgjendur. Einhver sniðugur stofnaði grúppuna Costco ógleði en þar eru ekki nema 28 hræður. Gleðin vegna þessarar verslunar tröllreið Íslandi fyrstu árin og þótti sumum um of á tímabili. Ekki hefur gleðin minnkað neitt sérstaklega en hún er kannski tamdari ef svo má að orði komast.

En nú, fimm árum síðar er ég loksins búinn að fara í Costco! Ég hef verið á leiðinni alltof lengi en einhvernveginn ekki þorað því, fyrr en ég náði loksins að berja í mig kjark. Af hverju þorði ég ekki fyrr? Ég veit það ekki almennilega, risastór flæmi finnst mér svolítið yfirþyrmandi og svo hef ég heyrt að fólk eigi auðvelt með að eyða miklu meiri pening en það ætlaði sér og hann hefur oft verið af skornum skammti hjá mér, peningurinn.

Það fyrsta sem ég tók eftir var að það var brjálað að gera. Ég átti í erfiðleikum með að finna bílastæði en náði loksins að leggja litla bílnum mínum fyrir framan tvo glæsilega Kia-bíla. Það minnti mig á besta bíl sem ég hef átt, Kia Magentis sem ég klessti fyrir nokkrum árum. Þannig að ég kom inn nokkur dapur í bragði. Fyllti út eitthvað eyðublað og fékk svo kort afhent með ljósmynd af mér sem var aldrei þessu vant, bara nokkuð vel heppnuð.

Við inngöngu í verslunina tók á móti mér kortalögregla sem skannaði nýja kortið mitt því ekki viljum við Costco-klúbbmeðlimir að óalandi og skítugur almúginn fái að versla þarna, nei, sorry, þetta er bara fyrir meðlimi með kort. Svo blasti herlegheitin við. Hvílíkt flæmi, hvílíkt endalaust flæmi! Mér leið svolítið eins og þegar ég álpaðist alveg óvart inn á Paloma og horfði yfir dansgólfið, ég var staddur í öðrum heimi, öðrum veruleika.

Ég hafði vit á því að taka ekki risavaxna innkaupakörfu með mér inn í búðina, eins og aumingja litli gamli karlinn sem ég sá við innganginn. Maðurinn hefði léttilega getað komist fyrir í körfunni. Ég hló með sjálfum mér við þá tilhugsun og hélt áfram för minni. Athyglisbresturinn sem ég er greindur með fór gjörsamlega á yfirsnúning þarna inni því allsstaðar sem ég leit, var eitthvað að sjá sem ég hafði aldrei séð áður eða eittvað sem ég hafði séð áður en ekki svona mikið af. Ringlaður gekk ég framhjá allskyns raftæki og staldraði við fallega rafmagnsrakvél og var virkilega farinn að spá í að splæsa í eina en mundi þá að ég er alskeggjaður. Næst kom ég að fatafjöllunum en sá nokkurn veginn ekkert sem vakti áhuga minn þó að veðurprófaðar úlpurnar hljómuðu ágætlega, ekki myndi ég vilja kaupa úlpur sem ekki væru veðurprófaðar.

Allt í einu sá ég hóp björgunarsveitamanna með tilheyrandi leitarbúnaði og spurði nærstaddan starfsmann hvað væri í gangi. Það hafði eldri karlmaður týnst í versluninni efir að hann varð viðskila við eiginkonu sína daginn áður. Ég held að hann hafi fundist grafinn undir gráblám gallabuxum, skelkaður en heill á húfi.

Þá var komið að risakælunum. Þar var að sjá alskyns matvæli sem hægt var að kaupa í tonnatali sem hentar fyrir stórfyrirtæki og/eða ættarmót en þar sem ég bý einn fyrir utan þá daga sem dóttir mín er hjá mér, kveikti þetta ekki áhuga minn. Svo sá ég kolkrabba innpakkaður í gegnsæjar pakkningar og gubbaði upp í mig. Hverjum dettur í hug að borða kolkrabba? Ríka fólkinu pottþétt!

Ég hitti svo skyldfólk mitt að austan við sófarekkana en þau voru þar í vetrarfríi, höfðu dvalið í Costco í fjóra daga og áttu þrjá eftir. Ég kvaddi þau og kíkti á jólavörurnar. Þær heilluðu mig, verð ég að viðurkenna en fékk mig á sama tíma til að fá samviskubit yfir því að hafa ekki tekið dóttur mína með í þessa ævintýraferð. En þegar ég hélt að ég hefði séð allt, sá ég meira. Í Costco er nefnilega hægt að kaupa hlaupabretti og önnur líkamsræktartæki, eins og ekkert sé sjálfsagðara. Ég hafði ekki efni á því og þar að auki ekki með risakörfuna með mér.

Þegar farið var að síga á seinni helming vikunnar rann ég á lyktina og fann mig í bakarísdeildinni og loksins sá ég eitthvað sem ég gæti nýtt mér. Þarna voru kjörin sætindi til að bjóða upp á í næsta barnaafmæli dóttur minnar. Ég meina unglingaafmæli. Borða unglingar sætindi í afmælum eða er það bara pítsa og gos? Jæja, kannski nýtist þetta mér ekkert.

Að lokum kom ég inn í ávaxta og grænmetiskælinn en ég hafði heyrt því hvíslað að þar væri að finna ferskustu ávexti Íslands. Ég gekk sem dáleiddur að jarðaberjakössum sem voru í stæðu á miðju gólfinu. Ég bara varð að kaupa kíló af jarðaberjum, jafnvel þó að hálft kíló muni skemmast áður en ég næ að borða þau öll. Og að afgreiðslukassanum gekk ég ringlaður en ánægður með jarðaberin og borgaði um 1.100 krónur fyrir og kallaði það gott. Á leiðinni út var ég stoppaður af kortalöggunni sem vildi fá að skoða metralanga kvittunina og merkja x við. Hann hafði ekki gert það við konurnar tvær sem fóru út á undan mér með talsvert meira en kíló af jarðaberjum með sér. Kannski voru þær fastakúnnar og hann því treyst þeim en kannski er ég bara svona grunsamlegur með mitt rauða skegg og sixpensarann, veit ekki.

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina





Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.



Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.



Hitamælir gul önd
2.500 kr.



Hitamælir golfkúla
1.900 kr.



Algjör slökun!



Höfuðpúði
5.900 kr.



Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Geirslaug
279.000 kr.



Snorralaug
299.000 kr.



Gvendarlaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Innifalin uppsetning á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar
Geymum steina ef óskað er

























VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT
Hægt að grafa skrift í bak og sæti
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

SALTLAMPAR FRÁ HIMALAYA
Fást einnig í:
Betra Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn

